



**BA ritgerð**

**Mannfræði**

**Sagan af „þriðja” heiminum**

Sköpun ólíkra heima í gegnum orðræðu þróunarstofnana

Ásdís Guttormsdóttir

**Leiðbeinandi: James Gordon Rice**  
**Febrúar 2018**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

---

FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD

**Sagan af „þriðja” heiminum**  
***Sköpun ólíkra heima í gegnum orðræðu þróunarstofnana***

Ásdís Guttormsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Leiðbeinandi: James Gordon Rice

12 einingar

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar, 2018

Sagan af „þriðja“ heiminum: Sköpun ólíkra heima í gegnum orðræðu  
þróunarstofnana

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita  
ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.  
© Ásdís Guttormsdóttir, 2018

Prentun: Háskólaprent  
Reykjavík, Ísland, 2018

## Útdráttur

Þessi ritgerð mun skoða, frá mannfræðilegu sjónarhorni, hvernig „þriðji heimurinn“ er skapaður í gegnum orðræðu þróunarstofnana og hvaða áhrif hún kann að hafa. Stuðst verður við kenningar fræðimannsins Edward Said um austurlandahyggju (e. Orientalism). Said taldi Austurlönd og hið austurlenska hafa verið skapað í gegnum ákveðna orðræðu Vesturlanda svo þau gætu viðhaldið ríkjandi völdum. Þessar hugmyndir hafa verið notaðar til að skoða orðræður Vesturlanda um þriðja heiminn. Hafa Arturo Escobar og James Ferguson, ásamt öðrum, notað þessa nálgun til að greina orðræðu þróunarsamvinnu. Mannfræði sem fræðigrein hefur verið sökuð um að skapa hið framandi í gegnum skrif sín og þar af leiðandi einnig að hafa tekið þátt í sköpun þriðja heimsins í gegnum ákveðna orðræðu. Sýnt verður hvernig mannfræðingum hefur tekist að nota hið gagnrýna sjónarhorn fræðanna, sem kom fram eftir að gagnrýni Said hafði áhrif á greinina, til að varpa ljósi á þróunarorðræðuna og áhrifin sem hún hefur. Síðast en ekki síst verður farið yfir orðræðu sjálfra þróunarstofnana og skoðaðar rannsóknir mannfræðinga sem sýna hinar klassísku birtingarmyndir þriðja heimsins á Vesturlöndum. Niðurstöður gefa meðal annars til kynna að konur og börn eru mun frekar notuð í kynningarefni þróunarstofnana sem þjónar markvissum tilgangi, fátækt og vandamál hins svokallaða þriðja heims eru iðulega tekin úr sögulegu og pólitísku samhengi og ýtt er undir þær hugmyndir í orðræðunni að það sé í höndum vestursins að bjarga þriðja heiminum. Í gegnum þessa ákveðnu orðræðu hefur Vesturlöndum tekist að réttlæta yferráð sín yfir þriðja heiminum undir yfirsíni þróunar sem endurspeglar að vissu leyti gamalt form nýlendustefnunnar.

## **Abstract**

This thesis will explore, from an anthropological perspective, how the “Third world” is produced through the discourse of developmental institutions and what impact it can have. I will use Edward Said’s theories about Orientalism. Said argued, that the Orient had been created through a certain Western discourse so the West could maintain its hegemonic power. These ideas have been used to consider Western discourses about the Third world. Arturo Escobar and James Ferguson have, among others, drawn upon this approach to analyse the discourse of development. Anthropology as a discipline has been considered guilty of creating the exotic through their writings and therefore also have participated in creating the Third world through a certain discourse. I will show how anthropologists have been able to use the discipline’s critical edge, developed here after Said’s work influenced the discipline, to shed light on development discourse and the effects that it produces. Last but not least I will look at the discourse of developmental institutions themselves and some anthropological research that demonstrates the typical portrayal of the Third world in the West by these organizations. The conclusion indicates that women and children are more frequently used in the advertisement of development institutions which arguably serves a very purposeful goal - the poverty and problems of the so-called Third world are mostly taken out of a historical and political context and the discourse gives form to the idea that it is in the hands of the West to save the Third world. Through this particular discourse the West has been able to justify its dominance over the Third world under the cover of development and which reflects in certain ways older forms of colonialism.

## **Efnisyfirlit**

<b>Útdráttur</b> .....	<b>3</b>
<b>Abstract</b> .....	<b>4</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>5</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>1 Smíði fyrsta og þriðja heimsins</b> .....	<b>9</b>
<b>2 Staða mannfræðinga sem kynnendur</b> .....	<b>17</b>
<b>3 Sköpun þriðja heimsins í gegnum orðræðu þróunarstofnana</b> .....	<b>23</b>
<b>Lokaorð og umræður</b> .....	<b>31</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>33</b>

## Inngangur

Þær ímyndir sem hvað flestir Vesturlandabúar tengja við þegar þeir heyra orðið þriðji heimurinn er fátækt, hungur, börn með útblásinn maga, hjálparstarf og „vanþróun”.<sup>1</sup> Það ætti ekki að koma á óvart, enda er þetta sú birtingarmynd sem flestir kannast vel við úr fjölmiðlum, kennsluefni og myndefni frá þróunarstofnunum. Fyrir flesta er skipting heimsins orðin eðlilegur hlutur og fáir sem velta fyrir sér hvaða ástæður liggja þar að baki. Staðalímynd þriðja heimsins hefur fengið að lifa góðu lífi á Vesturlöndum, sem gjarnan gengur undir heitinu fyrsti heimurinn. Þróunarstofnanir, fjölmiðlar og fræðimenn hafa í áraraðir sýnt þriðja heiminn á einsleitan hátt, bæði í ræðu og myndum. Þessi framsetning hefur framkallað framandi heim sem oft er sagður vanþróaður og þá liggur samanburðurinn á milli þessara tveggja heima, hins fyrsta og þriðja. Í orðræðunni um þriðja heiminn er ýjað að einföldum ástæðum fyrir vanþróuninni og ástæðurnar gjarnan teknar úr sögulegu samhengi. Samfélög þriðja heimsins eigi einfaldlega eftir að þróast með tíð og tíma í átt að nútímasamfélagi og Vesturlönd geti aðstoðað við að koma því í kring. Orðræðan á því til að fela undirliggjandi valdatengsl og gerir oft lítið úr atbeina íbúa þriðja heimsins.

Í þessari ritgerð verður farið yfir nokkuð víðan völl. Helsta markmið skrifanna er að skoða hvernig hinn svokallaði þriðji heimur er skapaður í orðræðu þróunarstofnana, bæði í ræðu og myndum. Sjónum verður beint að vestrænum þróunarstofnunum og hvernig þær viðhalda hugmyndum um þriðja heiminn og styrkja þær í sessi. Engin ein stofnun verður sérstaklega tekin fyrir enda er markmið þessara skrifa ekki að gagnrýna starf þróunarstofnana *per se* heldur fremur að benda á hversu vandmeðfarið það getur verið að kynna annað fólk og gefa réttmæta mynd af stöðunni. Þróunarstofnanir gegna veigamiklu hlutverki er kemur að því að kynna málefni þjóða í þriðja heiminum fyrir vestrænum áheyrendum og bera að því leyti mikla ábyrgð. Það eru þó ekki einungis þróunarstofnanir sem bera ábyrgð og því er nauðsynlegt að skyggjast inn í heim mannfræðinnar og hlutverk hennar. Mannfræðingar hafa frá upphafi fræðanna skrifað

---

<sup>1</sup> Rétt er að taka fram að hugtakið þriðji heimurinn verður ekki settur innan gæsalappa í ritgerðinni þó ég telji að réttast væri að gera slíkt. Ástæðan er einfaldlega af fagurfræðilegum toga og til að auðvelda lestur ritgerðarinnar.

um það óþekkta og framandi og skiptir hér sköpum að fræðin eigi uppruna sinn að rekja til Vesturlanda. Þeir hafa því átt sinn þátt í sköpun þriðja heimsins.

Ritgerðin skiptist í þrjú hluta. Í fyrsta hlutanum verður nánar farið út í hvers vegna heiminum hefur verið skipt upp í ólíka heima og hvernig það átti sér stað. Áherslan verður á hinn fyrsta og þriðja þar sem fremur er fjallað um þá í skrifum fræðimanna, þó er ætlunin ekki að gera lítið úr stöðu þeirra landa sem sett eru í annars heims flokkinn. Lítið verður á hugmyndir Edward Said um austurlandahyggju, en þær mynda helsta kenningaramma þessarar ritgerðar. Notast verður við hugmyndir hans þegar orðræðan um þriðja heiminn er skoðuð og reynt að sýna fram á hversu margt hún á sameiginlegt með nýlenduorðræðunni og þjónar sama tilgangi þó svo að birtingarmyndir þessara tveggja séu nokkuð ólíkar. Skrif Arturo Escobar og James Ferguson gegna einnig veigamiklu hlutverki í þessum kafla, en þeir hafa skoðað þróunarorðræðu og tilbúning þriðja heimsins og hafa í því samhengi notast við hugmyndir Said. Auk þess verður farið yfir nokkur hugtök úr smiðju Michel Foucault, en hann skoðaði orðræðu og hvernig hún verður til.

Í öðrum hluta ritgerðarinnar verður lítið á hlutverk mannfræðinnar og fræðimanna hennar er kemur að því að kynna aðra. Mannfræðingar hafa frá upphafi greinarinnar rannsakað annað fólk og oftast en ekki þá sem teljast framandi í augum mannfræðingsins, enda um vestræna fræðigræn að ræða. Skrif þeirra eiga sinn þátt í að viðhalda staðalímyndum um þriðja heiminn og framandgera hann og fólkið sem þar býr. Mannfræðingar hafa einnig verið sakaðir um að tala fyrir hönd annarra í skrifum sínum og í því samhengi verður lítið á gagnrýni Chandra Talpade Mohanty (1988) sem skoðaði meðal annars orðræðu vestrænna femínista um þriðja heims konur og hvernig þau skrif áttu sinn þátt í að skapa einsleita mynd af konum þriðja heimsins. Skoðað verður hvernig hugmyndir um okkur og hina fæðast í skrifum mannfræðinga og að auki verður farið yfir þá gagnrýni sem mannfræðingar, sem vinna innan þróunarstofnana, hafa sætt af hálfu akademískra mannfræðinga. Að lokum verður horft til þess hvernig mannfræðingar geti samþætt þróunarstarf og fræðin og beint skrifum sínum í jákvæðan farveg, þar má nefna Maia Green (2005, 2012) sem notað hefur skrif sín til uppbyggilegrar gagnrýni í stað þess að taka þátt í og viðhalda þróunarorðræðunni.



Í þriðja og síðasta hlutanum verður horft til vestrænna þróunarstofnana og það kynningarefni sem þær senda frá sér. Þessar stofnanir skrifa um og birta myndir af fólki þriðja heimsins og hafa því mikið að segja um hver stjórnandi ímynd þess er. Í þessum kafla verður hafist handa við að fjalla stuttlega um upphaf þróunarsamvinnu. Farið verður yfir rannsókn Lisa Rideout (2011) um auglýsingaefni þróunarstofnana þar sem meðal annars kemur fram hvernig ýtt er undir neikvæðar staðalímyndir þriðja heimsins og um þá kynþáttavæðingu sem hefur átt sér stað. Rannsóknir Kristínar Loftsdóttur (2009) á kynþáttavæðingu verða þá skoðaðar í framhaldi og farið verður yfir rannsókn Cameron og Haanstra (2008) um áherslubreytingar í orðræðu þróunarstofnana síðustu ár. Gert verður grein fyrir skrifum Nandita Dogra (2011) um birtingarmynd þriðja heims konunnar á Vesturlöndum og hvernig hún er ítrekað sýnd sem andstæða fyrsta heims konunnar. Skoðað verður hverjir það eru sem fá pláss í kynningar- og myndefni þróunarstofnana og hvaða tilgangi það kann að þjóna fyrir þróunarstofnanir og orðræðuna um þriðja heiminn. Að öllu þessu loknu mun ritgerðin svo enda á umræðu og lokaorðum.

## 1 Smíði fyrsta og þriðja heimsins

Skipting heimsins í hinn fyrsta og hinn þriðja kemur eflaust fæstum spánskt fyrir sjónir, hið minnsta þeim sem alast upp á Vesturlöndum. Okkur þykir þessi skipting svo eðlileg að fólk hættir að hugsa um hana á gagnrýninn hátt, hún verður partur af okkar daglega lífi og fólk hættir til að gleyma ástæðum þessarar skiptingar. Sumir eru einfaldlega fátækari og „vanþróaðari“ en aðrir. Þriðji heimurinn verður fjarlægur í huga manns, stundum svo fjarlægur að manni finnst hann tilheyra annarri plánetu. Þessi skipting er þó ekkert annað en tilbúningur sem hefur að mestu leiti þjónað tilgangi Vesturlanda til að viðhalda yfirráðum sínum eftir að formlegri nýlendustefnu lauk. Í þessum kafla ritgerðarinnar verður fyrst stiklað á stóru um nýlendustefnu Evrópuþjóða. Fjallað verður um bók Edward Said um austurlandahyggju (e. Orientalism) og hvernig Vesturlönd hafa skapað fyrsta og þriðja heiminn í gegnum orðræðu. Auk þess verður farið yfir hugmyndir Michel Foucault um orðræðu og skrif mannfræðingsins Arturo Escobar er snúa að tilbúningi þriðja heimsins.

Það er ekkert nýtt af nálinni að heiminum sé skipt upp líkt og þekkt í dag. Þrátt fyrir að ekki hafi alltaf verið talað um fyrsta og þriðja heiminn þá hafa Vesturlandabúar haft ríka tilhneigingu til að skilgreina heiminn og flokka hann niður. Þegar evrópskar þjóðir uppgötvuðu með siglingum sínum að fólk fyrirfyndist í öðrum heimshlutum sem hafði aðra lifnaðarhætti en þær sjálfar var talið að þar væru á ferð villimenn. Skrifaðar voru sögur um hina meintu villimenn og hefðir þeirra. Í raun mætti segja að þá hafi hugmyndin um okkur og hina fæðst, hinir voru villimennirnir sem voru ósiðmenntaðir – í það minnsta í augum Evrópubúa. Fræðimenn átjándu aldar settu síðar fram þróunarkenningar í anda Charles Darwin, en þær fólu í sér þá hugmynd að samfélög manna þróuðust eftir ákveðnum skala þar sem að hinir meintu villimenn voru neðst á skalanum og evrópskar þjóðir eftar með sinni siðmenningu (Ferguson, 1997). Samfélög neðst á skalanum voru talin óaðri þeim sem ofar voru. Eina leiðin til þess að færast ofar á skalanum var að líkjast samfélögum Evrópumanna. Þessum hugmyndum var haldið hátt á lofti í nýlendustefnu Evrópuþjóða, enda gátu þær réttlætt yfirráð sín í fjarlægum löndum undir því yfirsíni að þau þyrfti að siðmennta og „þróa“.

Hinni formlegu nýlendustefnu lauk á árunum 1945-1960 en þá fengu flest ríki í Afríku og sum hver í Asíu sjálfstæði (Office of the Historian, e.d.). Mörg þessara ríkja

stóðu eftir með innviði, efnahag og pólitík í rústum og áttu erfitt með að koma fótunum undir sig. Það var á þessum árum, eftir seinna stríð, sem fátækt Asíu, Afríku og Suður-Ameríku var „uppgötvuð“, eins og mannfræðingurinn Arturo Escobar komst að orði (1995, bls. 21), líkt og hún væri sjálfsprottin og ætti ekki rætur að rekja til nýlendustefnunnar og þess arðráns sem átti sér stað af hálfu Evrópuþjóða. Þriðji heimurinn var fæddur. Helsta einkenni þessa þriðja heims var fátækt og hana væri best að uppræta með hagvexti ( e. economic growth). Leiðin að hagvextinum yrði í gegnum þróun og varð það orð að miðdepli umræðunnar. Þróunin snéri að því að breyta öllum ó-evrópskum svæðum og gera þau líkari fyrirmynd sinni (Vesturlöndum) og gera fólki þriðja heimsins kleift að taka þátt í hinu kapitalíska efnahagskerfi (Mudimbe, 1988). Enn á ný voru hugmyndir um framfarir og þróun farnar að spila stórt hlutverk í orðræðunni. Áhersla var lögð á að auka framleiðni gömlu nýlenduríkjanna og nútímavæða þau (Venkatesan og Yarrow, 2012). Til að ná því þyrfti einungis að fylgja eftir hugmyndum Vesturlanda um frjálsan markað og með því mætti útrýma fátækt og „vanþróun“ þriðja heimsins (Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir, 2008). Svo virðist sem vestrænar þjóðir eigi afar erfitt með að fleygja þessari lífseigu hugmynd að þær séu á toppnum og aðrar þjóðir þurfi að feta í fótspor þeirra til að verða jafn „þróaðar“. Enn er keppst við að skipta heiminum upp í ólíka hluta eins og þekktist á nýlendu tímanum en það er orðað með öðrum hætti. Vesturlönd hafa sjálfskipað sig í fyrsta heims flokkinn og gamlar nýlendur falla í flokk annars og þriðja heimsins, líkt og um verðlaunasæti sé að ræða. Við vitum þó flest að við lifum í einum heimi, hugmyndin um fyrsta, annan og þriðja heiminn er því aðeins tilbúningur sem hefur orðið til í gegnum orðræðu Vesturlanda.

Sá fræðimaður sem hefur haft mikil áhrif á síð-nýlendu gagnrýni (e. post-colonial critique) er Edward W. Said (Dirks, 2004). Árið 1978 gaf hann út bókina *Orientalism*, en sú bók hefur vakið upp vangaveltur innan fræðasamfélagsins og verið bæði lofuð og löstuð. Helstu viðfangsefni bókarinnar tengjast því hvernig Austurlönd (e. the Orient) hafa verið sköpuð í gegnum ákveðna nýlenduorðræðu Vesturlanda. Said (1985) segir frá því hvernig menning, samfélög og sögur austurlandabúa eru kynnt vestrænum áheyrendum í gegnum þessa orðræðu og hvernig hún skapar aðgreiningu milli vesturs og austurs. Nýlenduorðræðan eigi rætur að rekja til heimsvaldatíma Breta og Frakka og

Þjónaði þeim tilgangi að réttlæta nýlenduýfirráð þeirra. Said (2003) skoðaði hvernig þessi orðræða kom fram í málverkum, skáldsögum og ferðasögum 19. aldar og og hvernig hún spilaði hlutverk í sköpun hinna (e. the Other) sem voru óæðri Evrópubúum. Í gegnum þessa miðla voru Austurlönd og íbúarnir þar gjarnan sýndir sem einsleit og óaðgreinanleg heild og ákveðin orð notuð til að lýsa þeim (Rideout, 2011). Íbúum Evrópu var þannig lýst í ferða- og skáldsögum sem faguðum, þróuðum og siðmenntuðum til samanburðar við íbúa Austurlanda sem var lýst sem andstæðu þessa: ófágaðir, vanþróaðir og ósiðmenntaðir (Naderi, Darzabi, Eskandari og Sasani, 2014). Málverkin sem Said skoðaði voru sömuleiðis full af dulúð, þar birtust töfraandar, fljúgandi teppi, ópíumbæli og gefið í skyn að kynferðisleg úrkynjun ætti sér stað. Myndin sem notuð er á kápu bókarinnar gefur þessu góð skil (2003 útgáfa). Þar sést nakinn drengur, með slöngu vafða um líkama sinn, standa fyrir framan hóp manna íklæddum kuflum. Við hlið drengsins situr maður á gólfinu sem spilar á flautu og á veggjunum má sjá arabíska skrift. Þessar ákveðnu birtingamyndir sköpuðu hugmyndir í huga Evrópubúa um Austurlönd sem óæðri, enda voru þessir heimur alltaf sýndir í andstöðu hvorn við annan. Með því að sýna hina svo framandi og villimannslega reyndist auðvelt að réttlæta veru nýlenduherranna á fjarlægum slóðum undir því yfirskini að Evrópubúar væru æðri og gætu fært fólkinu þar siðmenningu. Fyrir vestræna áhorfendur voru íbúar austursins sveipaðir dulúð og því reyndist auðvelt að sannfæra almenning um að „þetta fólk“ gæti ekki stjórnað sér sjálf og þyrfti til þess aðstoð viturra, skynsamra Evrópubúa. Orðræðan var þannig notuð á mjög markvissan hátt til að undiroka aðra og búa til takmarkaða þekkingu um þá. Said (2003) segir að austurlandahyggja lifi enn góðu lífi og feli í sér ákveðna leið Vesturlanda til að kljást við Austurlönd með því að „koma með fullyrðingar um það, [...], lýsa því, kenna um það, [...], og ráða yfir því“ (bls. 3). Austurlandahyggja nútímans lifi meðal annars í gegnum akademíuna, með skrifum fræðafólks um Austurlönd og hið austurlenska. Austurlandafræði (e. Oriental studies) hafi orðið vinsæl fræðigrein í háskólum vestanhafs og þar fari fram þekkingarsköpun um austrið. Fólk, menningar og hugsanaháttur Austurlanda verður að rannsóknarefni vestrænna fræðimanna sem eiga til að viðhalda gömlu nýlenduorðræðunni um eitthvað sem er öðruvísi og framandi.

Þrátt fyrir að *Orientalism* hafi verið skrifuð með austurlönd í huga, þá hafa hugmyndir Said verið heimfærðar á aðra hluta heimsins og þar á meðal sköpun þriðja

heimsins. Austurlandahyggja hefur verið notuð sem ákveðin nálgun til að skoða ólík valdatengsl og hvernig Vesturlöndum hefur tekist að búa til ímynd af hinum ýmsu heimshlutum í gegnum orðræðu sína. Þjónar hún þeim tilgangi að réttlæta yfirráð yfir þeim undirokuðu (Buchowski, 2006). Rétt eins og Austurlönd voru sköpuð í gegnum orðræðu til að halda völdum í nýlendunum hefur þriðji heimurinn verið mótaður á sama hátt. Tvíhyggjuhugmyndin um austur og vestur hefur þótt jafn eðlileg í daglegu tali eins og hugmyndin um fyrsta og þriðja heiminn. Um er að ræða andstæður, og vestrið – fyrsti heimurinn – oftast en ekki notað sem hlutlaus punktur sem austrið eða þriðji heimurinn er borinn saman við. Líkt og hið austurlenska hefur orðið að táknmynd hins framandi þá er þriðji heimurinn táknmynd hins vanþróaða og fátæka. Í þessum heimi er fólk hungrað og horað, það berst við AIDS og malaríu, hefur ekki aðgengi að menntun og svo mætti lengi telja. Orðræðan á þannig líka sinn þátt í að einfalda hlutina til muna, austrið og þriðji heimurinn verða að einni heild þar sem ekki er greint á milli landa og þjóða. Þannig er oft talað um Afríku sem hún væri eitt land, þrátt fyrir að vera næst stærsta heimsálfa jarðar. Það getur því reynst mikilvægt að skoða orðræðu ákveðinna hópa og hvernig hún getur verið notuð til að búa til aðgreiningu milli fólks eða heimshluta.

En hvað felst nákvæmlega í hugtakinu orðræða og hvernig er hún sköpuð? Því miður er ekki til eitt algilt svar en sá fræðimaður sem hefur verið áhrifamikill á sviði orðræðugreiningar er heimspekingurinn Michel Foucault. Edward Said (2003) notaðist til að mynda við hugmyndir Foucault um orðræðu í sínum skrifum um austurlandahyggju. Foucault leit á orðræðu „sem stofnanabundna orðnotkun fræðigreina, stjórn mála og menningar, það sem hægt er að segja frá eða tala um á ákveðnu augnabliki: viðurkennda þekkingu eða sannleika sem orðið hefur til í samskiptum ákveðinna félagslegra afla” (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2001, bls. 11). Að auki væri orðræðan skapandi og í henni yrðu fyrirbæri til (Kristín Björnsdóttir, 2003) og mótar hún hvernig við hugsum um hluti (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2003). Með því að greina orðræðuna um ákveðin málefni er hægt að átta sig á ríkjandi viðhorfum og gildismati (Kristín Björnsdóttir, 2003). Ásamt því að skrifa um orðræðu, voru völd og þekking Foucault hugleikin og samspil þessara þriggja þátta (Rabinow og Rose, 2003).

Þeir sem hafa vald og þekkingu hafa meiri möguleika á að stjórna orðræðunni og „hafa þar með áhrif á viðhorf og formgerð samfélagsins“ (Hildur Ýr Jónsdóttir, 2017, bls. 16). Foucault einbeitti sér helst að orðræðu þeirra sem hafa völd til að stjórna fólki og orðræðugreining hans snéri til dæmis að réttarmálum og læknaskýrslum. Gagnrýni hans beindist því fyrst og fremst að orðræðu fólksins sem gat ráðskast með aðra sökum sérfræðipekkingar sinnar en hann skoðaði ekki almenna orðræðu. Tilgangur ákveðinnar orðræðu væri til að réttlæta yfirráð yfir einstaklingum og til ögunar (Kristín Loftsdóttir, 2011).

Orðræða er því margslungið hugtak, hún er allt í senn söguleg, stofnanavædd og félagslega mótuð. Hvort sem um ræðir myndir, ritaðan texta, kvikmyndir, opinber skjöl, hugtök, staðhæfingar eða jafnvel það sem ekki er talað um, þá getur það allt verið hluti af orðræðunni og í gegnum hana er hægt að bera kennsl á valdatengsl (Karam, 2000). Mikilvægt er að hafa orð Kristínar Björnsdóttur (2003) í huga við lestur ritgerðarinnar, að í orðræðunni verði fyrirbæri til og gildir það sannarlega um þriðja heiminn.

Fleiri fræðimenn hafa stuðst við kenningar Foucault um orðræðu í verkum sínum. Þar má nefna verk mannfræðingsins Arturo Escobar. Escobar hefur skrifað hafsþó af efni er viðkemur þróun og orðræðunni í kringum hana. Í bók sinni *Encountering development: The making and unmaking of the third world*, segir Escobar (1995) frá því hvernig þriðji heimurinn varð til í gegnum orðræðu Vesturlanda. Þessi ákveðna orðræða varð til eftir að seinni heimstyrjöldinni lauk eins og fram hefur komið hér að ofan. Stofnanir á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Heimsbankann (e. the World Bank) voru stofnaðar á þessum árum og áttu að sjá til þess að fátæk lönd fengju þá peningalegu aðstoð sem þau þyrftu til þess að þróast. Þótti sjálfsagt að tala um þessi lönd sem vanþróuð og tilheyrðu þau skyndilega nýjum þriðja heimi, allavega að nafninu til. Escobar (1995) leitar í hugmyndir Said í verkum sínum, meðal annars um hina ímynduðu landafræði sem fylgdi orðræðunni um þessi fátæku lönd. Með notkun á orðum eins og fyrsti og þriðji heimurinn, norður og suður, urðu til ólík huglæg svæði sem einkenndust af því hversu frábrugðin þau væru hvort öðru. Þessa skiptingu í fyrsta og þriðja heiminn mátti rekja til nýlendutímans, gamlar nýlendar tilheyrðu þriðja heiminum og nýlenduherrar þeim fyrsta. Áhersla vestrænu orðræðunnar um þriðja heiminn var á þróun landa, þar sem þróun var metin út frá þjóðhverfum viðmiðum vestrænna

samfélaga (Escobar, 1988). Þróunarorðræðan skapaði „sérstaklega skilvirkt tæki til að skapa þekkingu um, og beita valdi yfir þriðja heiminum” (Escobar, 1995, bls. 9). Í þróunarorðræðunni voru viðföng (e. subject) sköpuð sem hægt var að ráða yfir og ráðskast með. Þróun sem slík var því réttlætt í gegnum orðræðuna með því að beita ákveðinni orðræðu um viðföngin. Orð sem notuð voru (og eru enn í dag) til smánunar líkt og fátækt, án auðlinda (e. resourceless) og ósjálfstæð gerir viðföngin að „'skjólstæðingum' réttmætra afskipta” (Ranaweera Banda, 2004, bls. 99), það er, hægt var að réttlæta afskipti Vesturlanda í fátækum löndum á þeim forsendum að þau þyrftu að þróa og gera nútímalegri. Þriðji heimurinn var því skapaður í gegnum hugmyndafræðilegt forræði Vesturlanda, en það „vísar til ósýnilegs forræðis og valdatengsla sem álitin eru eðlileg og náttúruleg” (Kristín Loftsdóttir, 2011, bls. 315), og endurspeglast það í þróunarorðræðunni.

Ásamt því að rekja upphaf skiptingar heimsins í þann fyrsta, annan og þriðja í bókinni, horfði Escobar (1995) gagnrýnum augum á þá stofnana- (e. institutionalization) og sérfræðingavæðingu (e. professionalization) sem hefur átt sér stað í kringum þróun þriðja heimsins. Hugmyndin um stofnanavæðingu felur í sér að í kringum þróun hafi ótal stofnanir, félög, starfs- og námsgreinar komið fram á sjónarsviðið, hverra markmið er að „framleiða, bera út og festa í sessi ‘sannleika’ þróunar” (Watts, 1993, bls. 263). Stór iðnaður hefur myndast í kringum þróun og þróunarsamvinnu, þar sem fátækt, ólæsi og hungur annarra er uppspretta starfa fyrir allskyns sérfræðinga á Vesturlöndum. Hafa allnokkrir fræðimenn bent á að þróunarlönd sem slík verði til sem tilgangur þróunarsamvinnu (Kristín Loftsdóttir, 2011). Innan hinna fjölmörgu stofnana starfa sérfræðingar á sviði þróunarmála sem taka þátt í sköpun orðræða um þriðja heiminn og fólksins sem þar býr. Þeir rannsaka, mæla og koma með kenningar um allt og ekkert sem viðkemur þriðja heiminum og skapa í kjölfarið ákveðna þekkingu sem nýtist stofnunum á margvíslegan hátt, þá sérstaklega til að viðhalda völdum sínum á umræddum svæðum. Escobar (1995) segir að með hinni víðtæku þekkingarsköpun á ýmsum „vandamálum” þriðja heimsins hafi stofnunum tekist að stjórna og ráða yfir löndum og íbúum á ákveðinn hátt. Það þarf því ekki að vera að sú þekking sem sköpuð er með orðræðunni þurfi að vera raunverulega sönn, en hún öðlast sannleiksgildi meðal almennings því þeir sem fara með valdið geta fyrir tilstilli stöðu sinnar skapað sannleiksveldi (e. regime of truth) (Bjarki Valtýsson, 2011). Allt kemur þetta niður á sama stað og snýst um

réttlætingu vestrænna stofnana, þær hafa vald til að skapa þekkingu um þriðja heiminn og sú þekking skapar sannleiksveldi. Orðræðan um þriðja heiminn verður náttúrulegur og eðlilegur hlutur í huga Vesturlandabúa sem efast þar af leiðandi ekki um starf þróunarstofnana og réttmæti þróunarhugtaksins.

James Ferguson (1997) hefur einnig komið fram með gagnrýni á orðræðu stórra stofnana, í hans tilfalli snéri hún að upplýsingum sem birtust í skýrslu Heimsbankans um Lesotho. Ferguson bendir á að orðræða bankans í garð Lesotho hafi gefið ansi ranga mynd af landinu og samfélaginu þar. Hann segir að þróunarstofnanir reyni að velja ákveðinn tilbúinn pakka þegar þær velji ný verkefni til að sinna, þess vegna borgi það sig að sýna lönd í ákveðnu ljósi svo að þau verði fýsilegri kostur í augum þróunarstofnana. Því hafi Lesotho verið lýst á ákveðinn máta í skýrslu Heimsbankans svo að landið væri ákjósanlegur staður þar sem þróun yrði að eiga sér stað. Segir meðal annars í skýrslunni að landið sé nánast ósnortið af nútíma efnahagslegri þróun og sé að mestu hefðbundið smábændasamfélag. Ferguson hrekur „staðreyndir“ bankans og bendir á að raunveruleikanum sé hliðrað til þess eins að selja landið þróunarstofnunum og réttlæta veru þeirra í landinu. Heimsbankinn hefur gífurleg völd og hefur mikið að segja um það fjármagn sem sett er í hin ýmsu þróunarverkefni (Escobar, 1995). Völdin gera bankanum kleift að skapa ákveðna þekkingu og nota þá þekkingu í stefnumálum og framkvæmd þróunarmála (Gran, 1986). Hann getur skilgreint vandamál fátækra ríkja og komið með lausnir á þeim án þess að hafa löndin, sem eiga í hlut, með í samtalinu. Escobar (1995) gengur jafnvel svo langt að segja að bankinn hafi hagsmuni þriðja heimsins alls ekki að leiðarljósi í vinnu sinni og starfi í þágu ákveðinnar elítu. Jafnframt viðheldur bankinn og endurnýjar þróunarorðræðu sína í því efni sem hann sendir frá sér og gerir hin ýmsu lönd að réttmætum viðföngum afskiptar með því að sýna brenglaðan raunveruleika.

Eins og sjá má hér að ofan eru flókin valdatengsl að baki skiptingar heimsins í hinn fyrsta og þriðja. Mikilvægt er að skoða hana í sögulegu samhengi og tengja við tíma nýlendustefnu Evrópuþjóða. Said (2003) kom fram með mikilvæga gagnrýni á tilurð Austurlanda og hvernig þau hafa verið afmynduð í orðræðu Vesturlanda og kynnt sem framandi og óaðri hinn (e. the Other) í augum íbúa vestursins. Sú orðræða sem Said skoðaði beindist að hinum almenna borgara, enda hafði hann áhuga á málverkum,



skáldsögum og ferðasögum er hann skoðaði orðræðuna um Austurlönd. Hann taldi að þessi ákveðna orðræða hafi þjónað tilgangi nýlenduveldanna til að halda yfirráðum sínum í Austurlöndum, með því að búa til gjá á milli austurs og vesturs í gegnum orðræðuna hafi reynst auðveldara að réttlæta þau yfirráð. Escobar (1995) hefur að mörgu leiti stuðst við hugmyndir Said í verkum sínum og yfirfært kenningar hans á þriðja heiminn og orðræðuna í kringum hann. Sá ímyndaði heimur hefði eflaust ekki orðið til ef ekki hefði verið fyrir þróunarorðræðu Vesturlanda sem þjónar sama tilgangi og orðræða nýlendutímans. Margar vestrænar stofnanir hafa gífurleg völd víða um heim og geta skapað þekkingu sökum stöðu sinnar. Sú þekking reynist ekki alltaf byggð á raunverulegum aðstæðum, eins og grein Ferguson (1997) gefur til kynna. Þróunarorðræðan réttlætir veru ýmissa stofnana í þriðja heiminum enda gefur hún til kynna að þriðja heims lönd þurfi á þróun að halda og skapar samtímis brú á milli fyrsta og þriðja heimins, þar sem hinn þriðji verður óæðri í augum hins fyrrnefnda. Nýlenduorðræðan og þróunarorðræðan eiga því margt sameiginlegt þrátt fyrir að birtingarmyndir þeirra séu frábrugðnar. Orðræðan þarf ekki einungis að snúa að list nýlendutímans, eins og Said rannsakaði hana, heldur má greina orðræðuna víða í samfélaginu. Báðar orðræðurnar hafa verið á valdi vestrænna þjóða og hafa skapað þekkingu um ákveðna heimshluta, bæði um Austurlönd og þriðja heiminn. Í þeim er að finna valdaójafnvægi milli þess er hefur orðið og þess sem talað er um. Þegar upp er staðið eru bækur og málverk nýlendutímans í litlu frábrugðin þróunarorðræðu nútímans. Í gegnum báðar orðræðurnar hefur tekist að framandgera Austurlönd/þriðja heiminn til þess að réttlæta ýmis afskipti vestrænna þjóða í fjarlægum löndum, hið dularfulla austur þurfti að láta stjórna sér og hinn vanþróaði þriðji heimur þurfi á vestrænni þekkingu að halda til að leysa vanda sinn. Íbúum heimanna hefur sífellt verið stillt upp í andstöðu hvorn við annan til að sýna fram á yfirburði Vesturlanda og með því hefur reynst auðvelt að réttlæta ýmsa misbeitingu valds.

Nú er tímabært að beina sjónum að stöðu mannfræðinnar í áðurnefndum efnum, bæði hvað varðar þátttöku hennar í að viðhalda gömlum staðalímyndum um þriðja heiminn en einnig nýjar nálganir innan fræðanna sem geta varpað ljósi á þróunarorðræðuna og hvaða afleiðingar hún kann að hafa.

## 2 Staða mannfræðinga sem kynnendur<sup>2</sup>

*Frá upphafi hefur mannfræði barist við það vandamál hvernig fást skuli við og kynna aðrar menningar samtímis því að skilja og færast fjær sínum eigin sögulegu rótum í vestrænni rökhyggju og skuldbindingu sinni við „framþróun“.<sup>3</sup>*

(Arce og Long, 2000, bls. 1)

Í þessum hluta verður greint frá sambandi mannfræði og þróunar. Rétt eins og með orðræðuna í kringum fyrsta og þriðja heiminn verður að líta á sögulegt samhengi þessara tveggja svo skýrara samhengi fáist. Fyrst verður greint frá uppruna mannfræðinnar og þeirri gagnrýni sem hún hefur fengið á sig fyrir að taka þátt í smíði fyrsta og þriðja heimsins. Síðar verður vikið að þeirri naflaskoðun sem hefur átt sér stað innan fræðanna og hvernig það hefur gagnast mannfræðingum, ekki einungis til að skoða hugtakið þróun, heldur þróunarorðræðuna í heild sinni.

Margir spyrja sig eflaust hvernig mannfræði og þróunaraðstoð tengist. Líkt og vikið var að í kaflanum hér á undan verður að líta á sögulegar rætur þessara tveggja. Mannfræði á rætur sínar að rekja til hins vestræna heims. Á nýlendutímanum var mannfræðileg þekking talin gagnast mjög til útpenslu umráðasvæðis Evrópu og voru mannfræðingar sendir til fjarlæggra landa til að afla upplýsinga um fólknið sem þar bjó, enda „sérfræðingar á sviði menningar“ (Escobar, 1991, bls. 658). Tilgangur þess var að sjá hversu árangursríkt það hefði verið að nútímavæða hefðbundin (e. traditional) samfélög (Asad, 2002), með öðrum orðum – hversu vel hefði gengið að þróa þau. Á þessum tíma voru þróunarkenningar allsráðandi innan fræðasamfélagsins, samkvæmt þeim var samfélögum heims raðað á línulegan skala eftir því hversu þróuð þau væru (út frá viðmiðum Vesturlanda). Neðst á skalanum voru hinir meintu villimenn og efst voru evrópskar þjóðir með sína siðmenningu (Ferguson, 1997) og talið eðlilegt af mörgum að samfélög neðar á skalanum ættu eftir að ná sama þróunarstigi og vestræn samfélög. Til þess að ná því markmiði þyrfti einfaldlega að siðmennta og þróa fólknið sem þar byggi og

---

<sup>2</sup> Kynnandi er notað hér sem þýðing á enska orðinu representative. Sú þýðing var talin ákjósanlegust.

<sup>3</sup> „From its inception, anthropology has struggled with the problem of how to engage with and represent other cultures whilst trying to understand and move away from its own historical roots in Western rationality and the commitment to ‘progress’“.

koma á fót vestrænu hagkerfi. Vissulega komu fræðimenn fram á sjónarsviðið sem afneituðu þessum kenningum, líkt og mannfræðingurinn Franz Boas sem taldi hverja menningu vera sérstaka og virða ætti á eigin forsendum (Benedict, 1943). Þó svo að Boas hafi lagt sitt af mörkum við að hrekja kenningar um línulega þróun samfélaga þá „var aðgreiningin milli frumstæðs og siðmenntaðs fólks aldrei gjörsamlega fleygt fyrir borð” (Bennett, 2015, bls. 556). Með öðrum orðum, þá taldi hann allar menningar standa jafnfætis en neitaði því ekki að frumsætt fólk fyrirfyndist í ólíkum samfélögum heims.

Ef ekki hefði verið fyrir nýlendutímamann væri ólíklegt að mannfræðingar hefðu fengið aðgengi að öllum þeim samfélögum sem þeir rannsökuðu í árdaga mannfræðinnar. Þeir gátu fengið aðgang að nánast hvaða þjóðflokki sem er og gert rannsóknir hvort sem hinum innfæddu líkaði betur eða verr. Afsprengi þessara rannsókna voru miklir textar sem oft á tíðum endurspegluðu hugmyndirnar um frumbyggja (e. primitives) sem ættu eftir að þróast. Mannfræðingar skoðuðu siði og menningu annarra sem síðar var metið út frá vestrænum viðmiðum. Afleiðingarnar voru þær að búin var til aðgreining á milli hinna þróuðu Evrópubúa og frumbyggjanna (Pels, 2008) og var þekking mannfræðinga gjarnan notuð í neikvæðum tilgangi, meðal annars til að réttlætta ítök nýlenduherranna á fjarlægum slóðum undir því yfirskini að fólk þar þyrfti að þróast.

Það hefur því fylgt mannfræðinni frá upphafi að rannsaka einföld samfélög í „langtíbertistann” sem eru frábrugðin flóknum samfélögum Vesturlanda (Carrier, 2003). Talsvert hefur borið á þeirri gagnrýni að mannfræðingar stuðli að sköpun okkar og hinna í gegnum skrif sín og veru á fjarlægum slóðum. Sax (1998) telur að mannfræði sé sú fræðigrein sem sé hvað best til þess fallin að rannsaka hina og mannfræðingar séu „kaupmenn hins framandi” (bls. 292). Þeir leitist gjarnan við að skoða það sem frábrugðið er þeirra eigin menningu og áherslan verður oft á það sem er öðruvísi og framandi (Abu-Lughod, 1991). Með því að einblína á menningarmun ólíkra heimshluta verði til „öðrun” á því sem rannsakað er sem í framhaldi býr til hugmyndina um okkur og hina (Sax, 1998). Mannfræðin var raunar lengi vel kennd við rannsóknir á hinum „minna þróuðu” (Ferguson, 1997, bls. 39) og hefur átt stóran hlut í að viðhalda vestrænum yfirráðum með skrifum sínum og varðveitt mýtur um ó-vestrænu hina (Mascia-Lees, Sharpe og Cohen, 1989).

Önnur gagnrýni sem beinst hefur að skrifum mannfræðinga tengist þeirri tilhneigingu að tala fyrir hönd þeirra sem þeir rannsaka og hvernig heilu þjóðflokkarnir eru smækkaðir niður í eina einsleita heild. Rödd heimafólks skilar sér ekki alltaf í skrifum mannfræðinga og margir hafa efast um hversu mikinn sannleika sé að finna í raun og veru í textunum. Um 1980 bar töluvert á þessari gagnrýni frá femínískum mannfræðingum, einkum frá fræðikonum utan hins vestræna heims, sem beindist að orðræðu kvennamannfræðinnar. Chandra Talpade Mohanty (1988) skoðaði til að mynda orðræðu vestrænna femínista í garð þriðja heims kvenna og hvernig skrifin einkenndust oft af forréttindastöðu þeirra fyrrnefndu og þjóðhverfu. Mohanty gagnrýndi birtingarmynd þriðja heims kvenna í skrifum mannfræðinga, litið var á þær sem passívar og að þær þyrftu aðra til að tala fyrir sína hönd og greina vandamál sín. Jafnframt skoðaði hún umræðuna sem átti sér stað innan þróunarsamvinnu um konur og hversu víða hin klassíska þriðja heims kona var sköpuð í orðræðunni. Þær væru gjarnan sýndar sem einsleitur hópur kvenna og allur fjölbreytileiki hyrfi (Mohanty, 1988). Strathern (1981) hefur einnig gagnrýnt þessa tilhneigingu mannfræðinga til að alhæfa út frá því efni sem þeir rannsaka hverju sinni og hvernig heilu þjóðflokkarnir eru gjarnan smækkaðir niður í eina einsleita heild. Með því að sýna fólk sem einsleitan hóp án fjölbreytileika er auðveldara að koma með fullyrðingar um hina og þessa hópa; Nær trúá þessu en ekki hinu og WoDaaBe gera svona en ekki hinsegin. Gayatri Chakravorty Spivak (1988) veltir fyrir sér svipuðum spurningum í grein sinni *Can the Subaltern speak?* Hún spyr hverjir hafi leyfi til að tala fyrir hönd annarra og hvort að þeir lægra settu fái að taka þátt í ríkjandi orðræðu. Spivak er einnig hugleikið hvernig þriðja heims viðfangið er kynnt innan vestrænnar orðræðu og segir jafnframt að vestræn þekkingarsköpun á þriðja heims viðfanginu sé iðulega tengd „fjárhagslegum hagsmunum Vesturlanda“ (Spivak, 1988, bls. 271). Þannig geti vestrænir fræðimenn sem rannsaka aðra, þar með talið mannfræðingar, aldrei slitið sig frá rótum nýlendutímans og að sú þekking sem þeir skapi sé aldrei saklaus. Nánar verður vikið að þessari gagnrýni í þriðja hluta ritgerðarinnar.

Þessi gagnrýni kann að hljóma kunnuglega séu orð Edward W. Said rifjuð upp. Þó svo að gagnrýni hans hafi ekki snúist að einni fræðigrein frekar en annarri þá voru margir mannfræðingar sem tóku hana stinnt upp og töldu að skrif hans hefðu beinst að

mannfræði (Thomas, 1991). Said (2003) var á því máli að fræðimenn hefðu tekið þátt í nýlenduorðræðunni með skrifum sínum og að skrif fræðafólks ættu þátt í að halda í hugmyndina um frumbyggjana/þá vanþróðu. Það er því kannski ekki að undra að mannfræðingar hafi tekið bókinni sem gagnrýni á sig, enda hefur það verið verkefni fræðanna að kynna fjarlæg samfélög fyrir vestrænum áheyrendum (Carrier, 2003). Said hafði í raun gífurleg áhrif á mannfræði með útgáfu *Orientalism*, en hún hefur verið óþrjótandi uppspretta vangaveltna og gagnrýni allar götur síðar (Dirks, 2004). Því verður ekki neitað að margir mannfræðingar gerðust sekir um að viðhalda hugmyndum um hið framandi í skrifum sínum og tóku þátt í þeirri orðræðu sem Said ræðir í bók sinni.

Það er vegna þessarar sögu sem mannfræðingum hefur reynst erfitt að slíta tengsl sín við hugsun nýlendutímans og eru þeir stöðugt minntir á uppruna fræðanna. Það er einkum vegna þeirra tengsla sem mannfræðingum hefur reynst erfitt að vinna á sviði þróunarmála. Með því að starfa á þeim vettvangi séu þeir að viðurkenna hugmyndina um þróun og taka þátt í orðræðunni um þriðja heiminn (sjá t.d. Escobar, 1991). Þó svo að mikil naflaskoðun hafi átt sér stað innan fræðanna og flestir meðvitaðir um það mikla valdaójafnvægi sem einnkenndi fyrstu mannfræðirannsóknirnar, þá hefur leiðin ekki verið greið fyrir þá sem hafa viljað leggja sitt af mörkum sem fræðimenn innan þróunargeirans. Þeir sem hafa viljað yfirgefa filabeinsturn akademíunnar og taka virkari þátt í grasrótinni hafa mætt mikilli andstöðu meðal annarra fræðimanna og eru gjarnan uppnefndir annars flokks fræðimenn (Ferguson, 1997). Sumir hafa látið þessa gagnrýni sem vind um eyru þjóta og komið með það andsvar að þeir sem vinni eingöngu að skrifum og kenningarlegum málefnum séu í raun og veru ekki í tengslum við veruleikann né að kljást við raunverulegar hindranir í lífi alvöru fólks (Ferguson, 1997). Í stað þess að eyða tíma í að gagnrýna þróunarhugtakið og orðræðu þróunarstofnana vilji þeir heldur vinna að breytingum sem muni vonandi skila sér í bættum aðstæðum fólks.

Hinn títt nefndi Arturo Escobar (1988) er einn þeirra sem hafa gagnrýnt vinnu mannfræðinga á sviði þróunarmála. Hann telur að þróunarmannfræðingar „styrki í sessi þjóðhverf og ráðandi þróunarlíkön [...]. Að auki endurvinni þeir sýn á nútímavæðingu, félagslegar breytingar og þriðja heiminn” (Escobar, 1988, bls. 658). Hann dregur jafnframt í efa að þessir mannfræðingar séu raunverulegir fræðimenn og þeir geti ekki unnið undir formerkjum mannfræðinnar á sviði þróunarmála, það tvennt hljóti að ganga gegn hvort öðru. Þeir sem eru á sama máli og Escobar styðjast gjarnan við kenningar

Foucault um orðræðu, sem fjallað var um í kaflanum hér á undan og benda á, máli sínu til stuðnings, að þróunarstofnanir ríki yfir og arðræni þriðja heiminn í gegnum þróunarorðræðuna (Friedman, 2012). Þessir fræðimenn hafa gagnrýnt þróunarhugtakið sem slíkt og hafa réttilega bent á hvernig „þörfin til að eyða fátækt og stuðla að félagslegum breytingum endar oft á að endurvekja þann ójöfnuð sem ‘þróun’ gefur til kynna að verið sé að yfirstíga”<sup>4</sup> (Venkatesan og Yarrow, 2012, bls. 2). Gagnrýni af þessu tagi beindi kastljósinu að því hvernig vestrænar þróunarstofnanir hafa skilgreint vandamál annarra til að réttlæta sérfræðiþekkingu sína og í kjölfarið útilokað aðra hópa frá orðræðunni (Venkatesan og Yarrow, 2012). Escobar (1991) gagnrýndi þá mannfræðinga sem vildu vinna innan þessara stofnana undir því yfirskeyni að vera menningarsérfræðingar þegar þeir væru í raun að styrkja í sessi ríkjandi orðræðu þróunarstofnana.

Þessi ofuráhersla á þróunarorðræðu hefur þó verið gagnrýnd af mannfræðingum, sem hafa unnið á sviði þróunar, síðustu ár. Bent hefur verið á að mannfræðingar geti vel unnið innan þróunarstofnana án þess að gerast algjörir leiksoppar stofnananna. Það sé ekki svo að um leið og þeir hefji störf fyrir þróunarstofnanir kasti þeir öllum nálgunum mannfræðinnar á glæ og styðji undir þróunarorðræðuna. Öllu heldur hefur þessi vettvangur veitt mannfræðingum tækifæri til að bera kennsl á þróunarorðræðuna og koma á framfæri nýjum nálgunum sem kunna að gagnast við framkvæmd verkefna. John F. Friedman (2012) telur til dæmis að hin gagnrýna sýn á störf mannfræðinga innan þróunarstofnana hafi skilað litlum sem engum árangri í lífi fólks og sé einungis af vitsmunalegum toga. Vissulega hafi tekist að benda á samband fátæktar, þekkingar og valds í gagnrýninni en engar umbætur hafi orðið fyrir fátæk samfélög í hinum raunverulega heimi og að gagnrýnin skili sér ekki út fyrir vegg akademíunnar. Nancy Scheper-Hughes (1995) hefur skrifað á svipuðum nótum og Friedman og telur hún að mannfræðingar eigi að taka virkan þátt en ekki að standa hjá sem hlutlausir áhorfendur. Scheper-Hughes segir að skrif mannfræðinga geti þjónað krítískum tilgangi og verið vettvangur mótstöðu, mannfræðingar eigi ekki að veigra sér við að taka afstöðu til hlutanna því annars séu þeir ómeðvitað að styðja undir ráðandi

---

<sup>4</sup> „impulse to eradicate poverty and promote positive social change often ends up reinscribing the very forms of inequality development purports to overcome”.

valdatengsl. Rannsóknir mannfræðinga feli þannig alltaf í sér ákveðna pólitík, hvort sem þeim líki betur eða verr.

Mannfræðingurinn Maia Green hefur starfað sem sérfræðingur innan ýmissa þróunarstofnana undanfarin ár ásamt því að vera prófessor við háskólann í Manchester. Hún segir að hin svokallaða hagnýta mannfræði (e. applied anthropology), það sem mannfræðingar styðjist við innan þróunarstofnana, sé að mestu leyti ímynduð smíði akademískra mannfræðinga (Green, 2005). Sjálf hafi hún notað þekkingu sína sem hún öðlaðist innan akademíunnar á „vettvangi“ og að sú þekking geti gagnast til að skora á hólum gamlar tuggur þróunargeirans. Mannfræðingar hafi gjarnan annað sjónarhorn á hlutina og skapi þar af leiðandi þekkingu sem er frábrugðin þekkingu þróunarstofnana (Green, 2012). Green útskýrir þetta á eftirfarandi hátt: „Sem mannfræðingur get ég greint höft bæði mannfræði og félagslegrar þróunar auk þess sem ég skil uppbyggingu þeirra sem stofnana, hver orðræðan er á hverjum stað, hvar þau skarast á og hvar þau eiga saman”<sup>5</sup> (Green, 2005, bls. 25).

Gagnrýni Escobar og Said á svo sannarlega rétt á sér en sú gagnrýni hefur í raun leitt af sér afar litlar breytingar fyrir raunverulegt fólk sem berst við fátækt á hverjum degi. Mannfræðingar sem hafa starfað innan þróunarstofnana geta boðið upp á gagnrýnið sjónarhorn vegna þess að þeir hafa öðruvísi þjálfun, nálgast málefni út frá öðrum vinklum og geta notað skrif sín innan þessa vettvangs sem mótstöðu við ríkjandi orðræðu. Orðræða þróunarstofnana getur tekið breytingum og geta mannfræðingar til dæmis hjálpað til við að kollvarpa ráðandi *paradigma* og opnað leiðir fyrir nýjar orðræður (Gardner og Lewis, 2000). Öðru verður ekki haldið fram en að núverandi þróunarorðræða verði að breytast og mannfræðingar gætu reynst mikilvægur hlekkur í þeirri breytingu. Í næsta kafla verður næst vikið að verkum mannfræðinga sem hafa skoðað orðræðu þróunarstofnana og bent á hversu vandmeðfarið verkefni það getur reynst að kynna aðra og hvernig orðræðan stuðlar að ójöfnum valdatengslum milli fyrsta og þriðja heimsins.

---

<sup>5</sup> As an anthropologist I can perceive the limitations of both anthropology and of social development, and comprehend the institutional structures and discourses within which each is located and the point of contact and separation.

### 3 Sköpun þriðja heimsins í gegnum orðræðu þróunarstofnana

Í þessum kafla verður kastljósinu beint að þróunarstofnunum og rannsóknarspurningu þessarar ritgerðar loks svarað; hvernig er þriðji heimurinn skapaður í gegnum orðræðu þróunarstofnana? Þær hugmyndir sem fólk á Vesturlöndum hefur um þann heim koma oft á tíðum frá kynningarefni stofnananna og þær bera því töluverða ábyrgð í stöðu sinni sem kynnendur. Utan hins akademíska heims fer lítið fyrir gagnrýnni umræðu um þróunarstarf og stofnanir og því er mikilvægt að huga að því hvaða skilaboð er verið að senda til almennings um þriðja heiminn og fólkið sem þar býr. Orðræða þróunarstofnana verður skoðuð út frá sömu forsendum og Edward Said skoðaði austurlandahyggju og nýlenduorðræðuna. Í þá daga snérist hún um að ráða yfir öðrum heimshlutum sökum þess að fólk austursins var ekki talið hæft til að stjórna sér sjálf en orðræða nútímans felur í sér að íbúar þriðja heimsins þurfi björgun frá eigin volæði og að vestrænar stofnanir kunni að leysa vandann.

Svo hlutirnir séu settir í samhengi þá er rétt að hefja þennan kafla á að rekja stuttlega upphaf þróunarsamvinnu. Líkt og mannfræðin á sitt upphaf að rekja til nýlendustefnu Evrópuþjóða þá hefst þróunarsamvinna eins og við þekkjum í dag við lok nýlendustefnunnar, um miðja tuttugustu öldina (Kristín Loftsdóttir, 2011). Framfarir og þróun voru miðlæg þemu í hugmyndinni um þróunarsamvinnu og áherslan var á að „nútímavæða“ gömlu nýlendurnar (Yarrow og Venkatesan, 2012). Markmið þróunarsamvinnunar (eða þróunarhjálpars eins og talað var um í upphafi) var að koma ríkjum ofar á þróunarskalann, enda hugsunin um línulega þróun samfélaga enn ríkjandi. Gömlu nýlenduherarnir, Vesturlönd, töldu (og telja enn) sig vera á toppi þróunarskalans og að önnur lönd, annars og þriðja heims ríki, ættu eftir að komast á toppinn. Til þess að klífa upp skalann þyrfti helst að fylgja eftir hugmyndum Vesturlanda um frjálsan markað og með því mætti útrýma fátækt og „vanþróun“ (Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir, 2008). Þó svo að einhverjir hafi deilt um bestu útfærslu þróunar, þá var hugmyndin „að sumar þjóðir væru vanþróaðar og aðrar þróaðar, ekki gagnrýnd sem slík“ (Kristín Loftsdóttir, 2011, bls. 307). Enn þann dag í dag styðjast ýmis þróunarsamvinnuverkefni við hugmyndina um línulega þróun og nútímavæðingu (Kristín Loftsdóttir, 2016) og þróunarorðræðan hefur fengið að lifa góðu lífi. Margir líta því svo á



að hugmyndin um þróunarstarf sé síðnýlendusmíði (e. post-colonial construction) Vesturlanda til þess eins að viðhalda yfirráðum sínum yfir gömlu nýlendunum (Ranaweera Banda, 2004). Þeir Childs og Williams (1997) hafa meðal annarra bent á að Vesturveldin hafi ætlað sér eftir fremsta megni að halda í völd sín með einum eða öðrum hætti í fyrrum nýlendum og „umfram allt efnahagsleiðum“<sup>6</sup> (bls. 5), enda margar þeirra afar ríkar af náttúruauðlindum og því mikið í húfi fyrir gömlu nýlenduherana. Með því að vefja þessum ríkjum um fingur sér eftir nýlendutímamann hefur efnuðum löndum í norðri (e. global North) tekist að festa lönd í suðri (e. global South) í skuldafeni og með því viðhaldið ójöfnum valdahlutföllum. Telja sumir að það þjóni tilgangi Vesturlanda að viðhalda þessari skiptingu því án hennar gæti norðrið ekki réttlætt yfirráð sín yfir þeim undirokuðu, svo vitnað sé aftur í Buchowski (2006).

Viti maður úr hvaða umhverfi þróunarstofnanir koma reynist auðveldara að vera gagnrýninn á störf þeirra. Miklir fjármunir renna á ári hverju í allskyns verkefni sem eiga að stuðla að bættum lífsgæðum í fátækum löndum en þrátt fyrir það virðist lítið breytast. Fræðafólk hefur á síðustu áratugum bent á þá mikilvægu staðreynd að skoða verði starf þróunarstofnana í ljósi uppruna síns og að flókin valdatengsl liggja að baki starfi þeirra. Auk þess sé mikilvægt að hafa í huga í hvaða sögulega samhengi hún eigi sér stað, enda fer þróunarsamvinna ekki fram í tómarúmi og getur því aldrei verið hlutlaust fyrirbæri (Kristín Loftsdóttir, 2011). Sé orðræða þróunarstofnana um þriðja heiminn skoðuð kemur skýrt og greinilega í ljós þessi ólíka valdastaða. Þróunarorðræðan á nokkur nöfn yfir þann heim, til dæmis var lengi vel talað um þróunarlönd eða vanþróuð lönd. Mannfræðingurinn Arturo Escobar (1995) hefur réttilega bent á hvaða afleiðingar slík orðræða kann að hafa í för með sér. Í fyrsta lagi myndar orðræðan stórt bil á milli þeirra þróuðu og þá sem eru að þróast og á sama tíma ýjar hún að því að þriðji heimurinn/þróunarlönd sé óæðri og öðruvísi (bls. 53-54). Í öðru lagi hefur þróunarorðræðan búið til einsleita mynd af hinum fátæku og „vanþróuðu“, búið er að smækka þriðja heiminn niður í eina heild svo að samfélög þessara landa hafa öll sömu birtingarmynd í orðræðunni. Escobar teflir fram svipuðum hugmyndum og Said og ætti að vera orðið ljóst hvernig hægt er að skoða þróunarorðræðuna á sama hátt og austurlandahyggjuna þó samhengið sé ekki alveg það sama. Orðræðan sem hér verður

---

<sup>6</sup> „Above all economic channels“

skoðuð er ekki í gegnum listaverk eða skáldsögur heldur verður fyrst og fremst einblínt á kynningar- og auglýsingaefni þróunarstofnana enda hefur það iðulega mikla útbreiðslu og nær til fjölda fólks.

Orðræðu þróunarstofnana er líklega best að skoða í gegnum kynningarefni þeirra. Margar stofnananna heyra undir flokk frjálsra félagasamtaka (e. NGO's) og stór hluti fjármagnsins kemur í gegnum framlög frá almennum borgurum. Stofnanir sem vinna á sviði þróunar hefur fjölgað mikið á síðustu áratugum og keppast þær gjarnan um athygli og frjáls framlög frá fólki. Lisa Rideout (2011) hefur rannsakað hvernig frjáls félagasamtök nota gjarnan svokallaða áfallatækni (e. shock tactic) í auglýsingum sínum til að fanga athygli fólks og vekja áhuga á málefnum þriðja heimsins. Rideout (2011) skoðaði meðal annars auglýsingar frá *The War Child* og *World Vision* þar sem þessari aðferð var beitt, en það fól í sér að heimfæra vandamál þriðja heimsins yfir á vestrænt samhengi og brjóta vestræn norm í gegnum myndmál. Það athyglisverða við þessar auglýsingar er að þær snéru ekki að neinu ákveðnu landi og stuðla því ómeðvitað að ímyndinni um einsleitan þriðja heim. Auk þess er hann skilgreindur í andstöðu við þann fyrsta. Að mati Rideout (2011) ýta auglýsingarnar tvær undir staðalímyndir þriðja heimsins, báðar á neikvæðum nótum. Í annarri þeirra er þriðji heimurinn tengdur við ofbeldi og í hinni er hann tengdur við óhreint vatn. Síðast en ekki síst verður að nefna að báðar auglýsingarnar notuðust við svarta líkama í tengingu við þriðja heiminn á móti hvítum líkómum fyrsta heimsins. Rideout segir: „[...] nýlenduorðræðan kann að hafa orðið svo styrk innan vestrænna stofnana að það getur reynst ómögulegt að sleppa undan henni”<sup>7</sup> (2011, bls. 37). Vegna mismunandi notkunar á líkómum hvíttra og svartra hefur gjarnan verið talað um kynþáttavæðingu (e. racialization) þróunarhjálp.

Kristín Loftsdóttir hefur skrifað töluvert um kynþáttavæðingu. Hún talar um hana sem ákveðið landslag þróunarhjálp og að birtingarmyndir hennar séu margvíslegar. Fyrir WoDaaBe í Níger, sem Kristín dvaldist hjá um tveggja ára skeið, þýðir þróunaraðstoð „einfaldlega dreifing gæða frá hvítu eða vestrænu fólki, sem á nóg af þeim [...]” (Kristín Loftsdóttir, 2005, bls. 51). Þannig mynduðust hugrenningartengsl í huga WoDaaBe um hvíta fólkið sem gefendur sem unnu innan þróunarstofnana.

---

<sup>7</sup> „Colonial discourse may have become so institutionally substantiated in the West, that escaping this type of representation may be difficult”

Skilningur þeirra á hvítleika vísaði til Vesturlandabúa og að þróunarhjálp tilheyrði valdasviði þeirra (Kristín Loftsdóttir, 2009). Þessar hugmyndir birtust einnig í starfaskiptingu milli starfsmanna þróunarstofnana og Nígerbúa sjálfra. Þeir unnu oft láglounastörf fyrir þróunarstofnanirnar og starfsmenn þeirra og segir Kristín (2009) að sú skipun hafi oft á tíðum ekki verið gagnrýnd heldur litið á sem náttúrulega skiptingu. Það er því augljóst miðað við rannsókn Kristínar að völdin voru ekki í höndum heimamanna, þeirra sem voru að „þróast“, heldur í höndum aðkomumanna – þeirra „þróðu“. Hún bendir þó einnig á að báðir aðilar flækist inn í þróunarorðræðuna og staðsetji þá, í þessu tilfelli þýddi það að Nígerbúar skildu gjarnan „hvítleika sem flokkun endalausra auðæfa og allsnægta“ (Kristín Loftsdóttir, 2009, bls. 7).

En aftur að kynningarefninu sjálfu. Árið 2008 birtist grein eftir þau John Cameron og Anna Haanstra sem ber heitið *Development Made Sexy: how it happened and what it means*. Þar segja þau frá því hvernig kynningarefni þróunar- og hjálparstofnanna hefur tekið stakkaskiptum síðustu áratugi. Áður fyrr notuðu þessar stofnanir „klám fátæktar“ (e. pornography of poverty) til þess að fá fólk til að láta pening af hendi í hin ýmsu góðgerðarmál. „Klám fátæktar“ vísar meðal annars til þess myndefnis að sýna „sveltandi barn, með flugur í kringum augun, sem er of veikburða til að fæla þær í burtu“ (Cameron og Haanstra, 2008, bls. 1477). Þessi birtingarmynd ýtir undir þær hugmyndir að íbúar suðursins (e. the global south) séu ósjálfbjarga og þurfi á aðstoð að halda. Cameron og Haanstra (2008) bæta við að með slíkum myndum sé markmiðið að vekja upp einskonar samviskubit og meðaumkun hjá íbúum norðursins (e. the global north). Það var því alls ekki að ástæðulausu að þróunarstofnanir notuðust við slíkt myndefni í kynningarefni sínu. Hins vegar hefur þessi aðferð mætt töluverðri gagnrýni sem hefur haft þær afleiðingar í för með sér að þróunarstofnanir hafa þurft að leita nýrra leiða hvað varðar kynningarefni og myndefni sem þær láta frá sér. Gagnrýnin snéri helst að því hvernig stofnanirnar ýttu undir hugmyndir fólks á Vesturlöndum að fólk á suðurhveli jarðar væri hjálparþurfi, vanþróað og óvirkt í eigin lífi. Að sama skapi geti slíkar myndir viðhaldið þeirri hugmynd að með fjárframlögum einum saman sé hægt að laga vandamál suðursins og líta þannig alveg framhjá þeim stærri öflum sem „viðhalda fátækt og ójafnrétti“ (Cameron og Haanstra, 2008, bls. 1478). Nýju leiðirnar sem farnar hafa verið í kynningar- og fjáröflunarstarfsemi þróunarstofnana eru því að mörgu leyti ansi frábrugðnar þeim gömlu. Í stað þess að einblína á vesæld „hinna“ er kastljósinu beint að

„sjálfinu”. Cameron og Haanstra (2008) benda á hvernig áherslan hefur færst yfir á allsnægtir norðursins og hinir (íbúar suðurhvels jarðar) verða sífellt ósýnilegri í kynningarherferðum og fjáröflunum. Frægir Hollywood leikarar hafa tekið við keflinu til að gera vandamál suðursins meira kynæsandi (e. sexy) í augum áhorfenda og þeirra sem hugsanlega vilja gefa fé til málefnsins. Með þessu er reynt að hvetja til þátttöku og vekja áhuga almennings á þróunarmálefnum, með því að setja áhersluna á gjafann sjálfan en ekki þann sem hjálpin beinist að. Þessi nýja nálgun í kynningarefni gefur þó enn til kynna að „[...] atbeini fólks í suðrinu sé ekki mikilvægt, og mistekst þar með að ögra myndinni sem sett er fram af suðrænu „hinum” sem hjálparvana fórnarlömbum”<sup>8</sup> (Cameron og Haanstra, 2008, bls. 1483).

Kristín Loftsdóttir (2009) hefur velt fyrir sér hvaða áhrif þessi nýja nálgun í kynningarefni þróunarstofnana kann að hafa á almenning á Vesturlöndum. Ein af þeim afleiðingum sem sjá má er áherslan á neyslu. Með nýrri markaðssetningu á þróunarhjálp sem „kynæsandi” er gjarnan ýjað að því að með kaupum á ákveðnum vörum geti fólk lagt sitt af mörkum gegn fátækt í heiminum. Neytendur í norðri upplifa sig því valdastöðu til að breyta heiminum með meiri neysluhyggju og jafnvel að það sé eina leiðin til að skapa betri heim. Kristín (2009) segir að með því að hafa gert þróunaraðstoð að söluvöru þá sé auðvelt að staðsetja hana utan „[...]pólitíkur í almennri og opinberri orðræðu” (bls. 241). Með því þurfi ekki að kljást við erfiðar spurningar á borð við hvernig fátækt sé viðhaldið og hún sköpuð af stórum fyrirtækjum, heldur geti vestrænir neytendur lifað í þeirri góðu trú að þeir séu að gera góðverk og stuðli að betri lífsgæðum hinna. Þetta kann að auka enn fremur hið huglæga bil milli heimanna tveggja.

Það er ekki einungis áhugavert að skoða hvernig þriðji heimurinn er skapaður í gegnum orðræðu þróunarstofnana heldur er einnig athyglisvert að sjá hverjir það eru sem eru kynntir og með hvaða hætti. Í áðurnefndri grein þeirra John Cameron og Anna Haanstra (2008) kemur fram að börn séu notuð hvað helst í myndefni þróunarstofnana, „þau vekja hvað helst upp samkennd hjá fólki og að það „sé erfitt að kenna þeim um ólán sitt” (bls. 1478). Nandita Dogra (2011) hefur að auki skoðað hvernig konur, frekar en

---

<sup>8</sup> „[...] the agency of people in the South is not important, thereby failing to challenge the representation of Southern ‘others’ as helpless victims”

karlar, fá heldur pláss í myndefni frjálsra félagasamtaka sem vinna á sviði þróunar (á ensku gjarnan INGOs, international development NGOs). Hún segir að með því að birta nær eingöngu myndir af börnum og konum hefur tekist að varpa fram ímynd af konum og börnum sem „einsleitum hópi saklausra fórnarlamba vandamála sem bara eru”<sup>9</sup> (Dogra, 2011, bls. 335). Með öðrum orðum þýðir þetta að slíkar myndir eiga til að afmá pólitískar og sögulegar rætur fátæktar. Dogra (2011) sýnir einnig hvernig hugmyndinni um þriðja heims konuna sem frábrugðinni fyrsta heims konunni er viðhaldið í gegnum myndefni. Ákveðnar staðlímyndir birtast ítrekað í myndunum og endurspeglar orðræðu nýlendutímans um ó-vestrænar konur. Til dæmis um þetta eru þriðja heims konur gjarnan sýndar sem góðar, trúaðar og hefðbundnar (e. traditional). Með hefðbundnar er vísað til þess að konurnar eru oft á tíðum klæddar fatnaði sem er frábrugðinn þeim klæðnaði sem vestrænar konur myndu klæðast. Þannig eru þær öðruvísi og framandi í augum vestræns áhorfanda. Með því að gefa til kynna að konurnar séu trúaðar er það til merkis um það að þær séu ekki nútímalegar og framsæknar (e. progressive) til samanburðar við fyrsta heims konur. Dogra (2011) bendir á að þriðja heims konur séu kynntar fyrir vestrænum áhorfendum sem einsleitur hópur sem stríðir við sameiginleg vandamál. Birtingarmynd kvennanna vísar til þess að þær séu öðruvísi til samanburðar við fyrsta heims konur, og skiptingin í okkur og hina verður mjög skýr. Dogra (2011) telur að sama skapi að undirliggjandi skilaboð myndanna séu sú að fyrsta heims konur séu frjálsar en þriðja heims konur séu kúgaðar. Myndir í sama kynningarefni sem sýna vestrænar konur gefa til kynna að þær séu fjölbreyttur hópur kvenna, þær klæðist mismunandi „vestrænum” og „nútímalegum” klæðnaði og þær séu ekki bundnar í hlutverk mæðra líkt og þriðja heims konurnar eru sýndar. Með því að varpa ljósi á mismun kvennanna og ýja að því að þriðja heims konur séu „vanþróaðari” en kynsystur þeirra á Vesturlöndum er hægt að réttlæta þróunarstarfsemina undir því yfirskini að það sé eingöngu verið að aðstoða þær við að taka upp nútímalegri hætti.

Það getur reynst áhugavert að skoða almenna orðræðu um þriðja heiminn og sjá hversu mikil áhrif þróunar- og hjálparstofnanir hafa í raun og veru. Gott dæmi um þróunarorðræðuna birtist í laginu *Do They Know It's Christmas*. Lagið kom fyrst út árið 1984 en var endurútfengið árið 2014 (Songfacts, e.d.). Í textanum segir meðal annars;

---

<sup>9</sup> „a homogenously powerless group of innocent victims of problems that just ‘happen to be’”

*Það er heimur fyrir utan gluggan þinn, og sá heimur er fullur ótta og hræðslu. Þar sem eina vatnið sem rennur er beiskur sviði tára [...]. Og það mun ekki snjóa í Afríku þessi jól, besta gjöfin sem þau munu fá þetta árið er líf* (Lyricsfreak, e.d.)<sup>10</sup>. Margar staðalímyndir koma fram í þessum stutta textabút. Búið að smækka Afríku niður í einsleita heild og gefið til kynna að öll lönd heimsálfunnar stríði við sömu vandamál. Hvergi er vatn að finna fyrir utan tárin sem streyma niður kinnar fólks, því það er svo sorgmætt yfir vandamálum sínum. Það besta sem fólkið fær er lífið, sú gjöf kemur þó frá einhverjum öðrum sem er í þeirri aðstöðu að bjarga þeim. Textinn ýtir undir þær hugmyndir sem ræddar hafa verið hér að ofan. Í fyrsta lagi er verið að ýta undir skiptingu á okkur og hinum, þetta er sérstaklega áberandi með notkun á orðinu þau (e. they). Í öðru lagi er verið að gefa til kynna að allir íbúar Afríku séu fátækir og vesælir, þeir séu hjálparvana fórnarlömb. Í þriðja lagi er gert lítið úr atbeina fólks í Afríku, þeim þurfi að bjarga og það sé í höndum vestursins. Lagið fékk vissulega á sig gagnrýni sökum textans en var engu að síður best selda smáskífa Bretlands í fjölmörg ár eftir að lagið kom fyrst út (Songfacts, e.d.). Útbreiðsla þessa lags var gífurleg og enn þann dag í dag er það vinsælt jólalag. Margir þekkja textann en gera sér ekki í hugarlund hvað sé í raun og veru verið að segja eða hvaða staðalímyndum er verið að viðhalda.

Það er ljóst að þróunarstofnanir þurfa að vera meðvitaðar um hverskonar efni þær senda frá sér og hvaða skilaboð kunna að fylgja myndefninu. Eins og Lisa Rideout (2011) og fleiri hafa bent á þá er verið að framkalla ákveðna hugmynd um þróun í gegnum auglýsingar og myndir og skilaboðin benda oft til þess að vandamálin liggja hjá þriðja heiminum. Það er mikilvægt að hafa í huga úr hvaða umhverfi þróunarhjálp sprettur, enda eiga fátækt og hungur ákveðnar sögulegar rætur og því má ekki gleyma. Þriðji heimurinn er ekki sjálfsprottinn úr tómarúmi, ástæðurnar eru mýmargar og skýringarnar liggja jafnt í fortíðinni og nútíðinni. Hugmyndunum um hann er viðhaldið í gegnum kynningarefni þróunarstofnana og þar er fátækt og neyð annarra gerð að söluvöru (Kristín Loftsdóttir, 2016). Í kynningarefninu koma fram hugmyndir um að við á norðurhveli getum bjargað hinum á suðurhveli og leiðin að því sé í gegnum þróun og vesturlandavæðingu.

---

<sup>10</sup> There is a world outside your window, and it's a world of dread and fear, where the only water flowing is the bitter sting of tears [...] And there won't be snow in Africa this Christmas time, the greatest gift they'll get this year is life.

Sem betur fer er hægt að skynja ákveðna viðhorfsbreytingu á síðustu árum. Þó svo að alltof margar þróunarstofnanir notist enn við hina dæmigerðu staðalímynd af þriðja heiminum þá eru sumar stofnanir orðnar meðvitaðari um hvernig birtingarmyndir þær senda frá sér. Á vefsíðu Radi-Aid er hægt að finna myndskeið frá ýmsum þróunarstofnunum og ár hvert eru gefin verðlaun fyrir besta og versta myndbandið. Hið versta fer til þeirrar stofnunar sem hefur notað hvað mest af gömlum staðalímyndum og viðhaldi hugmyndinni um íbúa þriðja heimsins sem passívum, þeim er lýst út frá þjáningu sinni og vandamál eru sýnd án nokkurs samhengis. Besta myndbandið nær því að brjóta veggja staðalímyndanna, sýnir fólk þriðja heimsins sem virkt og gefur vandamálum samhengi ásamt því að fylla fólk eldmóði í stað þess að vekja upp sektarkennd (Radi-Aid, e.d.). Tilgangur verðlaunanna er að hvetja þróunarstofnanir til að hugsa út fyrir kassann og hætta að sýna hvítu vestrænu hetjuna sem kemur til bjargar þriðja heiminum og talar fyrir hönd fólksins sem þar býr. Vonandi munu þau vekja þróunarstofnanir til umhugsunar um hverslags efni þær senda frá sér og hvaða afleiðingar orðræða þeirra hefur.

## Lokaorð

Nýlenduorðræðan sem Edward W. Said gagnrýndi beindist að Austurlöndum og hvernig þau hefðu verið sköpuð í gegnum orðræðu Evrópuþjóða, í gegnum málverk, ferðasögur og skáldsögur. Þessi tiltekna orðræða á rætur að rekja langt aftur í aldir og hefur lengst af þjónað tilgangi vestrænna ríkja til að viðhalda yferráðum sínum í fyrrum nýlendum. Hún þjónaði mjög markvissum tilgangi og réttlætti í huga vestræns almennings þá hugmynd að íbúar austursins væru óæðri og vanþróaðari en þeir sjálfir, Vesturlönd hefðu því rétt á því að hafa afskipti að þessu fólki og ráða yfir því. Stórt bil myndaðist á milli okkar og hinna sem erfitt hefur verið að minnka og lifir þessi hugmynd enn góðu lífi í dag, samanber við í fyrsta heiminum og hinir í þriðja heiminum. Má því segja að þróunarorðræðan hafi tekið við af nýlenduorðræðunni, hún felur í sér undirokun ó-vestrænna ríkja og reynir að réttlæta afskipti vestrænna þjóða. Þróunarorðræðan hefur hér verið skoðuð á sama máta og Said gerði með nýlenduorðræðuna. Samhengið er ekki alveg það sama en orðræðan skilar sama árangri þegar upp er staðið. Austurlandahyggjan sem Said skoðaði átti sinn þátt í að réttlæta yferráð og völd nýlenduvelldanna í Austurlöndum í huga almennings og þróunarorðræðan hefur sömuleiðis réttlætt í huga vestræns almennings ígrip Vesturlanda í þriðja heiminum.

Í ritgerðinni hefur að auki verið fjallað um stöðu mannfræðinga gagnvart þróunaraðstoð og þróunarstofnunum. Eru margir á sama máli og Arturo Escobar hvað þetta varðar og telja að mannfræðingar innan þróunarstofnana styðji við þróunarorðræðuna og taki því þátt í sköpun fyrsta og þriðja heimsins. Þróun sem slík hefur verið afar umdeilt hugtak innan fræðanna og má meðal annars rekja til sögu mannfræði og uppruna á nýlendutímanum. Gagnrýni Escobar snýr því til dæmis að því að mannfræðingar sem kjósi að starfa innan þróunarstofnana séu að viðurkenna þróun og hugmyndunum sem þeim fylgja, hugtakið sé vestræn hugsmiði og viðhaldi ójöfnum valdatengslum norðurs og suðurs og mannfræðingar ættu ekki að taka þátt í því. Þeir mannfræðingar sem starfa innan þróunarstofnana eru ekki taldir geta samþætt fræðin og þróunarvinnu og þar af leiðandi ekki litið á þá sem alvöru mannfræðinga af mörgum innan akademíunnar. Það hefur þó verið sýnt fram á mótgagnrýni þessara „svika“ mannfræðinga sem telja sig hafa getað komið fram með nýjar nálganir á verkefni þróunarstofnana og að þeir starfi fyrst og fremst sem mannfræðingar. Í stað þess að þeir



styðji við þróunarorðræðuna þá hafi þeir komið fram með gagnrýna sýn og fremur sýnt fram á hvernig orðræðan er sköpuð og hvernig henni mætti breyta. Það sé því mikilvægt fyrir mannfræðinga að láta til sín taka en ekki sitja hjá sem hlutlausir áhorfendur.

Það þarf mikið að breytast til að hægt sé að afmá ríkjandi hugmyndir um fyrsta og þriðja heiminn. Þróunarstofnanir gegna veigamiklu hlutverki sem kynnendur og bera mikla ábyrgð á því hverskonar efni þær senda frá sér varðandi þriðja heiminn. Orðræða þeirra hefur í langan tíma viðhaldið hugmyndum um óvirka og aðgerðarlausá einstaklinga þriðja heimsins sem bíða eftir því að verða bjargað af hvítum vestrænum hetjum. Þróunarorðræðan hefur gjarnan tekið vandamál suðursins algjörlega úr samhengi svo að fátækt annarra virðist oft sjálfsprottin og eigi sér ekki sögulegar rætur. Hún hefur vissulega þjónað sama tilgangi og nýlenduorðræðan forðum daga og hefur átt sinn þátt í að réttlæta, í hugum Vesturlandabúa, allt það inn grip sem átt hefur sér stað í þriðja heiminum undir yfirskini þróunar. Því er mikilvægt að orðræðan breytist, hún hefur áhrif á það hvernig við sjáum heiminn og íbúa hinna ýmsu landa. Mannfræðingar ættu ekki að veigra sér við að verða hluti af þeirri breytingu.

---

Ásdís Guttormsdóttir

## Heimildaskrá

- Abu-Lughod, L. (1991). Writing against culture. Í R.G. Fox (ritstjóri), *Recapturing anthropology: Working in the present* (bls. 137-162). New Mexico: School of American Research Press.
- Arce, A. og Long, N. (2000). Reconfiguring modernity and development from an anthropological perspective. Í A. Arce og N. Long (ritstjórar), *Anthropology, development and modernities* (bls. 1-31). London: Routledge.
- Asad, T. (2002). From the history of colonial anthropology to the anthropology of Western hegemony. Í J. Vincent (ritstjóri), *The anthropology of politics: A reader in ethnography, theory, and critique* (bls. 133-142). New Jersey: Blackwell Publishing.
- Benedict, R. (1943). Franz Boas. *Science*, 97(2507), 60-62. Sótt af <http://www.jstor.org/stable/1670558>
- Bennett, T. (2015). Cultural studies and the culture concept. *Cultural Studies*, 29(4), 546-568. Doi: 10.1080/09502386.2014.1000605
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2003). *Orðræður um kyngervi, völd og virðingu í unglingsbakk* (meistararitgerð). Sótt af [http://www.jafnrettiiskolum.is/D10/\\_Files/Berglind%20Rós%20Magnúsdóttir.PDF](http://www.jafnrettiiskolum.is/D10/_Files/Berglind%20Rós%20Magnúsdóttir.PDF)
- Bjarki Valtýsson. (2011). *Íslensk menningarpólítík*. Sótt af [https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6777/isl\\_menningarpolitik\\_web.pdf?sequence=1](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6777/isl_menningarpolitik_web.pdf?sequence=1)
- Buchowski, M. (2006). The specter of orientalism in Europe: From exotic other to stigmatized brother. *Anthropological Quarterly*, 79(3), 463-482.
- Cameron, J. og Haanstra, A. (2008). Development made sexy: how it happened and what it means. *Third World Quarterly*, 29(8), 1475-1489. Doi: 10.1080/01436590802528564
- Carrier, J. G. (2003). Introduction. Í J. G. Carrier (ritstjóri), *Occidentalism: Images of the West*. Oxford: Clarendon Press.
- Childs, P. og Williams, R. J. P. (1997). Introduction: Points of departure. Í P. Childs og R. J. P. Williams (ritstjórar), *An introduction to post-colonial theory* (bls. 1-26). London: Prentice Hall.
- Dirks, N.B. (2004). Edward Said and anthropology. *Journal of Palestine Studies*, 33(3), 38-54. Sótt af <http://www.jstor.org/stable/10.1525/jps.2004.33.3.038>
- Dogra, N. (2011). The mixed metaphor of 'third world woman': gendered representations by international development NGOs. *Third World Quarterly*, 32(2), 333-348. Doi: 10.1080/01436597.2011.560472

- Escobar, A. (1991). Anthropology and the development encounter: The making and marketing of development anthropology. *American Ethnologist*, 18(4), 658-682.
- Escobar, A. (1995). *Encountering development: The making and unmaking of the third world*. Princeton, New Jersey: Princeton University Press.
- Ferguson, J. (1997). Anthropology and its evil twin: „Development” in the constitution of a discipline. Í F. Cooper og R. Packard (ritstjórar), *International development and the social sciences. Essays on the history and politics of knowledge* (bls. 150-175). Berkeley: University of California Press.
- Ferguson, J. (1997). Development and bureaucratic power in Lesotho. Í M. Rahnema og V. Bawtree (ritstjórar), *The Post-Development Reader* (bls. 223-233). London: Zed Books.
- Friedman, J. T. (2012). On text and con-text: Towards an anthropology in development. Í S. Venkatesan og T. Yarrow (ritstjórar), *Differentiating development: Beyond an anthropology of critique* (bls. 23-41). New York: Berghahn Books.
- Gardner, K. og Lewis, D. (2000). Dominant paradigms overturned or ‘business as usual’? Development discourse and the White paper in international development. *Critique of Anthropology*, 20(1), 15-29.
- Gran, G. (1986). Beyond African famines: Whose knowledge matters? *Alternatives*, 11(2), 275-296.
- Green, M. (2005). International development, social analysis, ...and anthropology? Applying anthropology in and to development. Í Sarah Pink (ritstjóri), *Applications of anthropology: Professional anthropology in the twentyfirst century* (bls. 110-131). London: Berghahn Books.
- Green, M. (2012). Framing and escaping. Contrasting knowledge work in international development and anthropology. Í S. Venkatesan og T. Yarrow (ritstjórar), *Differentiating development. Beyond an anthropology of critique* (bls. 42-57). New York: Berghahn Books.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. (2001). Orðræður um árangur, skilvirkni og kynferði við stjórnun menntastofnana. *Uppeldi og menntun*, 10, 9-43.
- Hildur Ýr Jónsdóttir. (2017). „Með listina að vopni”. Um íslenska kvennabaráttu og femínískan aktívisma í listum (bachelor ritgerð). Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/27246/1/„Með%20listina%20að%20vopni”.pdf>
- Karam, A. M. (2000). Islamism and the decivilising process of globalisation. Í A. Arce og N. Long (ritstjórar), *Anthropology, Development and Modernities: Exploring discourses, counter-tendencies and violence* (bls. 63-72). London og New York: Routledge.

- Kristín Björnsdóttir. (2003). Orðræðugreining. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 237-248). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir. (2008). Í nafni mannúðar og menningar: Vald, kyn og atbeini í íslenskri þróunarhjálp. Í Valur Ingimundarson (ritstjóri), *Uppbrot hugmyndakerfis: Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007* (bls. 177-202). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Kristín Loftsdóttir. (2005). Hefur þú „proje“ fyrir mig? Landslag og litarháttur þróunarhjalpar. *Landabréfið*, 21(1), 47-57.
- Kristín Loftsdóttir. (2009). Landscapes of whiteness and racial identity in international development. *Anthropology today*, 25(5), 4-7.
- Kristín Loftsdóttir. (2011). Stórhuga Íslendingar: Forsaga og upphaf íslenskrar þróunarsamvinnu. *Stjórnmal & Stjórnsýsla*, 7(2), 307-325.
- Kristín Loftsdóttir. (2016). International development and the globally concerned European subject. *Interventions*, 18(2), 234-250.
- Lyricsfreak. (e.d.) Do They Know It's Christmas? Sótt af [http://www.lyricsfreak.com/b/band+aid/do+they+know+its+christmas\\_20192214.html](http://www.lyricsfreak.com/b/band+aid/do+they+know+its+christmas_20192214.html)
- Mascia-Lees, F. E., Sharpe, P. og Cohen, C. B. (1989). The postmodernist turn in anthropology: Cautions from a feminist perspective. *Signs*, 15(1), 7-33.
- Mohanty, C. T. (1988). Under western eyes: Feminist scholarship and colonial discourses. Í R. Lewis og S. Mills (ritstjórar), *Feminist postcolonial theory: A reader* (bls. 49-74). Edinburgh: Edinburgh University Press.
- Mudimbe, V. Y. (1988). *The invention of Africa: Gnosis, Philosophy, and the Order of Knowledge*. Bloomington og Indianapolis: Indiana University Press.
- Naderi, A., Darzabi, R. C., Eskandari, A., Sasani, M. S. (2014). Representation of Iranian cultural identity in Hollywood; A study on a selection of Iranophobic movies. *Global Media Journal – Persian Edition*, 9(1). Sótt af <http://web.b.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?vid=1&sid=bafb3693-b88c-40bf-af86-df54afec1af9%40sessionmgr101>
- Office of the Historian. (e.d.). Decolonization of Asia and Africa, 1945-1960. Sótt af <https://history.state.gov/milestones/1945-1952/asia-and-africa>
- Pels, P. (2008). What has anthropology learned from the anthropology of colonialism? *Social Anthropology*, 16(3), 280-299. Doi: 10.1111/j.1469-8676.2008.00046.x
- Rabinow, P. og Rose, N. (2003). Foucault today. Í P. Rabinow og N. Rose (ritstjórar), *The essential Foucault: Selections from the essential works of Foucault, 1954-1984* (bls. 1-30). New York: New Press.

- Radi-Aid. (e.d.). About. Sótt af <http://www.rustyradiator.com/about/>
- Ranaweera Banda, R. M. (2004). Development discourse and the third world. Sótt af [http://www.ruh.ac.lk/research/academic\\_sessions/2004\\_mergepdf/98-103.PDF](http://www.ruh.ac.lk/research/academic_sessions/2004_mergepdf/98-103.PDF)
- Rideout, L. (2011). Representations of the 'Third world' in NGO advertising: Practicalities, colonial discourse and western understandings of development. *Journal of African media studies*, 3(1), 25-41. Doi: 10.1386/jams.3.1.25\_1
- Said, E. W. (1985). Orientalism reconsidered. *Race&Class*, 27(2), 1-15.
- Said, E. W. (2003). *Orientalism*. New York: Vintage Books.
- Sax, W. S. (1998). The hall of mirrors: Orientalism, anthropology, and the Other. *American Anthropologist*, 100(2), 292-301.
- Songfacts. (e.d.) Do They Know It's Christmas? Sótt af <http://www.songfacts.com/detail.php?id=1579>
- Spivak, G. C. (1988). Can the subaltern speak? Í C. Nelson og L. Grossberg, *Marxism and the interpretation of culture* (bls. 271-313). Urbana og Chicago: University of Illinois Press.
- Strathern, M. (1981). Culture in a netbag: The manufacture of a subdiscipline in anthropology. *Man*, 16(4), 665-688.
- Thomas, N. (1991). Anthropology and Orientalism. *Anthropology Today*, 7(2), 4-7. Sótt af <http://www.jstor.org/stable/pdf/3033165.pdf>
- Venkatesan, S. og Yarrow, T. (2012). Anthropology and Development: Critical framings. Í S. Venkatesan og T. Yarrow (ritstjórar), *Differentiating development. Beyond an anthropology of critique* (bls. 1-20). New York: Berghahn Books.
- Watts, M. J. (1993). Development I: power, knowledge, discursive practice\*. *Progress in Human Geography*, 17(2), 257-272.